

Leikskólinn Klambrar

2021 – 2022

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1 Innihald

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Umbótaáætlun 2021-2022	6
2.1	Uppbyggingastefnan Uppeldi til ábyrgðar:	6
2.2	Þróunarverkefni Menntastefnu Reykjavíkurborgar:	7
2.3	Sjálfsþing:	7
2.4	Félagsfærni:	7
2.5	Vináttuverkefnið Blær:	8
2.6	Gæðamálörvun í daglegu starfi	9
2.7	Tónlist, myndlist, hreyfing og upplýsingatækni	10
3	Innra mat leikskólans 2020-2021	13
3.1	Félagsfærni	13
3.2	Læsi	14
3.3	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	15
4	Innra mat deilda:.....	16
4.1	Hlíð ungbarnadeild 1-2 ára börn - Endurmat á vetrarstarfinu 2020-2021	16
4.2	Holt 2-3 ára börn - Endurmat á vetrarstarfinu 2020-2021	16
4.3	Tún 3-4 ára börn - Endurmat á vetrarstarfinu 2020-2021	19
4.4	Teigur 4-6 ára nemendur - Endurmat á vetrarstarfinu 2020-2021	21
5	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
6	Fjölmenging börn skólaárið 2020-2021	23
7	Foreldrasamvinna	24
8	Mat á sérkennslu skólaárið 2020-2021	25
9	Ytra mat.....	26
9.1	Niðurstöður þjónustukönnunar	26
9.2	Námstækifæri barna	27
9.3	Upplifanir foreldra	29



9.4	Það sem betur má fara	32
9.5	Viðhorfskönnun meðal starfsmanna	33
10	Skipulagsdagar og leikskóladagatal 2021-2022	34
11	Um starfsáætlanir leikskóla	35
11.1	Mat á leikskólastarfi	36
11.2	Hlutverk foreldraráðs	36
12	Fylgigögn	37
	Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs:.....	37
	Fylgiskjal 2 – Þróunarverkefni Félagsfærni – Sjálfsefning.....	37
	Fylgiskjal 3 – Skóladagatal Klambra	37



Leiðarljós leikskólans:

Gleði – Vinátta – Sköpun

1 Greinargerð leikskólastjóra

Á síðastliðnu skólaári var ákveðið að endurbyggja starfsemi Klambra árið 2020-2021 upp á gömlum og góðum gildum sem einkenndi Klambra andann til langs tíma en Klambra andinn byggist á starfsgleði og jákvæðni, gagnrýnni og skapandi hugsun, öryggi og trausti.

Við hófum skólaárið á því að fá til okkar Ingibjörgu Kristleifsdóttur sem var fyrsti leikskólastjóri Klambra en hún upplýsti okkur um sögu skólans og kynnti fyrir okkur gildi hans frá upphafi. Þegar farið var að rýna í gildin og skoða betur Klambra andann okkar þá sáum við að umhyggjustefnan Uppeldi til ábyrgðar skaraðist á við þá hugmyndafræði sem Klambrar hafa til langs tíma viljað standa fyrir. Því var tekin sú ákvörðun að vinna eftir þeirri stefnu á komandi skólaári samhliða Klambra andanum. Við fengum til okkar deildarstjóra fagskrifstofu leikskóla Reykjavíkurborgar til að kynna umhyggjustefnuna Uppeldi til ábyrgðar og settum við stjórnendur Klambra okkur síðan í sambandi við leikskóla sem unnið hefur eftir þessari stefnu til margra ára. Þar fengum við góða leiðsögn og gögn til að byggja okkar fyrstu skref á.

Á vormánuðum var sett upp áætlun vegna uppbyggingu samskipta starfsmanna í leikskólanum Klömbrum. Þar kom m.a. fram hvernig okkur gefst tækifæri til að flétta saman vinnu með börnunum á sama tíma og við erum að efla okkur sem eina heild og vinna að sama markmiði. Unnið var með starfsmönnum Klambra við að bæta öll samskipti sem gert var m.a. með tilkomu fyrirlesara sem fjölluðu m.a. um einelti, jákvæð samskipti, starfsánægju og gleði á vinnustaðnum. Tilgangur þessarar vinnu var og er að vinna markvisst að góðum samskiptum með áherslu á ákveðna þætti sem lýtur að jákvæðum athöfnum, s.s. hrósi, gagnkvæmri virðingu, vináttu og kærleika.

Það er mat okkar stjórnanda að strax í upphafi þessarar vegferðar náði hún til okkar allra og skilaði sér fljótt og vel inn í starfsmannahópinn en í dag einkennist starfsemi Klambra á bjartsýni, gleði og vináttu.

Þegar litið er til baka og farið var að meta skólaárið í heild sinni þá má með vissu segja að við höfum öll færst nær því marki að gera Klambra að eftirsóknarverðum skóla þar sem metnaður



og fagmennska er í fyrirrúmi. Með sameiginlegu átaki, endurmenntun og vilja til að gera enn betur munum við ná okkar markmiðum.

Helstu verkefni starfsársins 2021-2022 verður að innleiða uppbyggingastefnuna **Uppeldi til ábyrgðar**, vinna með menntastefnuþættina **félagsfærni og sjálfsefling** og **markvissa málörvun – Gæðamálörvun** í daglegu starfi og að innleiða nýjar áherslur sem felast í að vinna þvert á deildir með **tónlist, myndlist, hreyfingu og upplýsingatækni**. Við munum einnig halda áfram vinnu okkar með uppbyggingu samskipta starfsmann og byggja upp góðan staðarbrag þar sem allir fá notið sín. Fram undan er skólaár með nýjum og spennandi áskorunum þar sem metnaður, virðing og fagmennska verður leiðarljós okkar allra.

Gleðilegt starfsár allir sem koma að leikskólalífínu á Klömbrum.

Magnea G. Hafberg Sverrisdóttir, leikskólastjóri.



2 Umbótaáætlun 2021-2022

Skólaárið 2021-2022 fer m.a. í að innleiða uppbyggingastefnuna Uppeldi til ábyrgðar sem mun fléttast saman við Klambra andann okkar sem og menntastefnuþættina félagsfærni og sjálfseflingu. Vináttuverkefnið Blær mun spila stórt hlutverk í vinnu okkar með áður nefnda þætti. Allar deildir fara af stað með svipuð verkefni byggð á áherslum úr uppbyggingarstefnunni uppeldi til ábyrgðar og menntastefnu Reykjavíkurborgar sem verður útfært í samræmi við þroska og aldurs nemendanna.

Umbótaþættir starfsársins 2020-2021 eru annars vegar unnir út frá því innra mati sem gert var á síðasta starfsári og áhersluþáttum menntastefnu Reykjavíkur hins vegar.

Til að styrkja enn frekar fagmennsku starfsmannahóps Klambra mun allt endurmat fara fram á sameiginlegum fundum og þar að auki hjá stjórnendateymi.

2.1 Uppbyggingastefnan Uppeldi til ábyrgðar:

Uppbyggingarstefnan Uppeldi til ábyrgðar er mannúðarstefna sem miðar að því að ýta undir sjálfsaga barna og þjálfa þau sínum með því að ræða um átta sig á þörfum sínum. Það skiptir hlutverk sitt og finni að þér séu til ábyrgðar miðar að því að ýta ábyrgð, sjálfsstjórn og að börnin sínum. Hlutverk starfsmanna er jákvæð samskipti. Vinnuaðferðinni



í að læra af mistökum tilfinningar sínar og máli að allir þekki mikilvægir. Uppeldi undir sjálfsaga, læri af mistökum m.a. að ýta undir er einnig ætlað að

styðja starfsmenn leikskólans við að móta sér skýra stefnu varðandi samskipti og aga mál.

Þarna gefst okkur tækifæri að flétta saman vinnu með börnunum á sama tíma og við erum að efla okkur sem eina heild og vinna að sama markmiði.

Umbótaþáttur/Matsþáttur: Uppeldi til ábyrgðar

Tækifæri til umbóta: Að efla jákvæð samskipti, sjálfsaga, sjálfsstjórn og ábyrgð.

Aðgerðir til umbóta: Vinna sameiginleg verkefni sem tengist vinnu okkar við innleiðingu uppbyggingastefnunnar.

Ábyrgð: Allir starfsmenn leikskólans bera ábyrgð á að afla sér þekkingar og læra að tileinka sér það sem fellst í uppbyggingstefnunni uppeldi til ábyrgðar Stjórnendur leiða vinnuna.

Tímaáætlun: September 2021– maí 2022

Hvernig metið/aðferðir: Endurmetið á deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsdögum og starfsmannafundum.

Viðmið um árangur: Að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börn og fullorðna í samskiptum og í framhaldinu leiti lausna í samskiptum við hvort annað.

2.2 Þróunarverkefni Menntastefnu Reykjavíkurborgar:

Þessu skólaári verður helgað **sjálfsefningu og félagsfæri** í tengslum við Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Það á vel við þar sem uppeldisstefnan Uppeldi til ábyrgðar leggur ríka áherslu á að stuðla að jákvæðum samskiptum og hvetur til sjálfstæðrar hugsunar.

2.3 Sjálfsefning:

Sjálfsefning felur í sér að barnið öðlist trú á eigin getu, læri að þekkja styrkleika sína og veikleika ásamt því að setja sér markmið og fylgja þeim eftir. Sjálfsefning byggir á sjálfsaga og þrautseigju. Skýr og sterk sjálfsmynd hjálpar barninu að taka sjálfstæðar, ábyrgar ákvarðanir, takast á við mótlæti og lifa í sátt við aðra. Sjálfsstjórn og samskiptahæfni eru nátengd og hafa áhrif á sjálfstraust barna, líðan, námsárangur og árangur í lífinu.

Umbótaþáttur/Matsþáttur: Sjálfsefning

Tækifæri til umbóta: Styrkja m.a. sjálfsmynd og sjálfsstjórn barnsins.

Aðgerðir til umbóta: Vinna með jákvæð og uppbyggandi samskipti, m.a. með hliðsjón af þeim kennslugögnum sem fylgja uppbyggingastefnunni Uppeldi til ábyrgðar

Ábyrgð: Allir starfsmenn leikskólans bera ábyrgð á að kynna sér uppbyggingastefnuna. Stjórnendur leiða vinnuna.

Tímaáætlun: September 2021– maí 2022

Hvernig metið/aðferðir: Endurmetið á deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsdögum og starfsmannafundum.

Viðmið um árangur: Að börnin öðlist aukið sjálfstraust og jákvæða sjálfsmynd.

2.4 Félagsfærni:

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til að hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annara og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagsfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennd og leiðtogahæfni. Félagsfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og



koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

Mikilvægi félagsfærni og sjálfseflingu er ótvíræð en í samskiptum má ekki gleyma hæfni barna til þátttöku. Huga þarf að öllum þáttum máls svo sem tjáningu og frásögn, hlustun, hljóðkerfisvitund, orðaforða, málskilningi og myndmáli ásamt félagslegu tungumáli, áhuga og styrkleikum barna. Að geta tjáð sig með góðu móti er einn af lyklum félagsfærni.

Umbótaþáttur/Matsþáttur: Félagsfærni

Tækifæri til umbóta: Að auka jákvæð samskipti allra í leikskólanum jafnt barna og fullorðinna.

Aðgerðir til umbóta: Vinna þematengt verkefni þar sem samvinna er lykill að árangri

Ábyrgð: Allir starfsmenn leikskólans bera ábyrgð á að tileinka sér jákvæð samskipti.

Stjórnendur leiða vinnuna.

Tímaáætlun: September 2021– maí 2022

Hvernig metið/aðferðir: Markviss endurmetið á deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsdögum og starfsmannafundum.

Viðmið um árangur: Að jákvæð samskipti allra hafi áhrif á staðarbrag og efli börnin í samskiptum og í framhaldinu lausnaleytt í samskiptum við hvort annað.

2.5 Vináttuverkefnið Blær:

Vináttuverkefni Barnaheilla, Blær, mun verða sem gegnum allt skólaárið. Nokkrir starfsmenn Klambra námskeið sem mun verða styrkur í að gera þetta markvissu og skilvirku kennslugagni bæði í innleiðingu Uppeldi til ábyrgðar sem og vinnu okkar sjálfseflingu. Hugmyndafræði og gildi verkefnisins rannsóknnum á einelti og því er það mikilvægt að vera samofið öllu skólastarfi. Markmið verkefnisins er að allir í Klömbrum, jafnt ungir sem aldnir eigi góð samskipti og tileinka sér jákvæð viðhorf. Með þessu sköpum við góðan staðarbrag þar sem börnin fá að njóta sín í vinnu sem byggir þau upp til að takast á við þau verkefni sem býður þeirra að leikskóladvöl lokinni.



rauður þráður í hafa nú þegar sótt verkefni að tengslum við með félagsfærni og byggir á nýjustu verkefnið skuli

Hugmyndafræði vináttuverkefnisins Blæs endurspeglast í eftirtöldum fjórum gildum:

1. Umburðarlyndi

Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og að koma fram við alla aðra af virðingu.

2. Virðing

Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og að virða fjölbreytileikann innan hópsins.

3. Umhyggja

Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpssemi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

4. Hugrekki

Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem bregst við óréttlæti.

Umbótapáttur/Matspáttur: Vináttuverkefnið Blær

Tækifæri til umbóta: Efla vináttu og jákvæð og uppbyggjandi samskipti.

Aðgerðir til umbóta: Vinna markvisst með kennslugagnið Blæ.

Ábyrgð: Allir starfsmenn leikskólans bera ábyrgð á að tileinka sér jákvæð samskipti. Stjórnendur leiða vinnuna.

Tímaáætlun: September 2021 – maí 2022

Hvernig metið/aðferðir: Markviss endurmetið á deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsdögum og starfsmannafundum.

Viðmið um árangur: Að allir jafnt ungir sem aldnir öðlist meiri leikni í mannlegum samskiptum.

2.6 Gæðamálörvun í daglegu starfi

Verkefni sem MML, miðja máls og læsis, hafa lagt fram til stuðnings við máltöku barna á leikskólum og til að hjálpa þeim ná betri tókum á málinu. Þetta verkefni er ekki síst mikilvægt hér á Klömburum þar sem fjölmeningin er mikil. Veggspjald frá MML verður sýnilegt öllu starfsfólki inn á deildum þar sem allir eru hvattir til að temja sér þau vinnubrögð sem þar eru sett fram en þau eru:

- **Settu orð á alla hluti og athafnir**
- **Endurtaktu oft**
- **Barn þarf að heyra rétt mál**



- **Farðu inn í leik barns eða barna**
- **Vertu í augnhæð barnsins**
- **Bíddu eftir viðbragði (svari) barns**
- **Endurtaktu og bættu við það sem barnið segir**

Umbótapáttur/Matspáttur: Gæðamálörvun í daglegu starfi

Tækifæri til umbóta: Að efla markvissa málörvun.

Aðgerðir til umbóta: Að temja sér þau vinnubrögð sem mælt er með frá MML.

Ábyrgð: Allir starfsmenn leikskólans bera ábyrgð á að minna sig og aðra á að tileinka sér vinnubrögð MML. Stjórnendur leiða vinnuna.

Tímaáætlun: September 2021– maí 2022

Hvernig metið/aðferðir: Markviss endurmetið á deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsdögum og starfsmannafundum.

Viðmið um árangur: Að börnin ná betri tókum á íslenskri tungu.

2.7 Tónlist, myndlist, hreyfing og upplýsingatækni

Þessir þættir munu eiga sér fastan sess í starfsemi næsta skólaárs. Fjórir starfsmenn, allir með sérþekkingu og/eða styrkleika á þessum áðurnefndu þáttum, munu vinna þvert á deildir þar sem öll börn munu fá sérþjálfun í ákveðnu verkefnum sem tengt verður þeim áhersluþáttum sem verið er að vinna með hverju sinni. Með þessari nýbreytni er það von okkar að verkefni þau sem lögð verða fyrir börnin verða markvissari og skilvirkari. Áætlun verkefnisins næsta skólaárs verður frá ágúst 2021 – júní 2022 eða eins og hér segir:

Ágúst 2021

Hreyfing: Unnið með hreyfingu úti.

Myndlist: Unnið með myndlist úti, opinn efniviður. Sjálfsmyndir.

Tónlist: Unnið með tónlist úti.

Upplýsingatækni: Unnið með að kynna börnunum tækjakost leikskólans.

September 2021

16. september: Dagur íslenskrar náttúru, því er viðeigandi að leggja áherslu á umhverfið.

Hreyfing: Framkvæmd hreyfiþroska mats.

Myndlist: Unnið með haustið.

Tónlist: Unnið með haustið og tónlist tengda haustinu.

Upplýsingatækni: Myndir af haustinu.



Október 2021

29. október er Hrekkjavaka í leikskólanum, vinna í október miðast m.a. við að undirbúa hrekkjavöku viðburð sem haldin er í leikskólanum.

Hreyfing: Unnið með alhliða hreyfingu inni, lagt inn í afstæð hugtök.

Myndlist: Kynning á mismunandi efnivið, pappír, litum og efni.

Tónlist: Kynning á helstu hljóðfærum.

Upplýsingatækni: Kynning á forritum.

Nóvember 2021

16. nóvember er Dagur íslenskrar tungu, á þeim degi er foreldrakaffi. Vinna miðast við að undirbúa tónleika barna auk þess að vera með smá sýningu á verkum sem unnin hafa verið á haustinu auk leirverka sem eru í vinnslu í nóvember.

Hreyfing: Unnið með Yoga.

Myndlist: Unnið með leir

Tónlist: Jólalög

Upplýsingatækni: Ljós og skuggar

Desember 2021

17. desember er jólaskemmtun. Vinna í desember miðast við það að undirbúa jólaskemmtun, söngur, dans, bakstur og hönnun jólagjafa.

Hreyfing: Fínhreyfingar

Myndlist: Jólin

Tónlist: Jólin

Upplýsingatækni: Jólin

Janúar 2022

21. janúar er Bóndadagur, ömmu og afa kaffi er á þeim degi. Vinna í mánuðinum miðast við að vinna með Þorrann.

Hreyfing: Hópleikir

Myndlist: Vinna með snjó.

Tónlist: Vetrarlög.

Upplýsingatækni: Unnið með forritum.

Febrúar 2022

4. Febrúar er dagur stærðfræðinnar, 6. febrúar er dagur leikskólans, 20. febrúar er konudagur, 28. febrúar er bolludagur.



Í febrúar er verið að vinna séstaklega með tölur. 18. febrúar er konudagskaffi. Undirbúningur fyrir öskudag hefst um miðjan febrúar

Hreyfing: Vinna með tölur.

Myndlist: Vinna með tölur.

Tónlist: Vinna með tölur og takta.

Upplýsingatækni: Vinna með tölur og form.

Mars 2022

Mars hefst með dymbilviku og miðast vinna við að gróðursetja og undirbúa sumarið. Lögð er áhersla á vorið.

Hreyfing: Yoga, hópleikir og þrautabrautir.

Myndlist: Endurvinnsla á pappír.

Tónlist: Hlustunaræfingar.

Upplýsingatækni: Börn taka myndir.

Apríl 2022

Páskar hefjast 14. apríl og Sumardagurinn fyrsti er 21. apríl. Vinna miðast við að auka útiveru og almenn vorverk í garðinum. Börnin eru þátttakendur í vorverkum innan og utan húss.

Hreyfing: Lögð er áhersla á útiveru

Myndlist: Myndlistin er tekin út í garð.

Tónlist: Spilað úti. Unnið með lög tengd vorinu.

Upplýsingatækni: Myndlistasýning barnanna.

Maí 2022

Enn meiri áhersla er lögð á útiveru.

Hreyfing: Vettvangsferðir

Myndlist: Unnið með náttúruna. Sjálfsmyndir.

Tónlist: Söngur og gerð hljóðfæra úr náttúrulegum efnivið.

Upplýsingatækni: Ratleikir og myndataka úti.

Júní 2022

Útskrif elstu barnanna. Vinna innan skólans miðast við að loka skólaárinu og undirbúa útskrift og sumarhátíð.

Hreyfing: Útivist.

Myndlist: Sameiginlegt verk barna á Klömbrum.

Tónlist: Æfa lög fyrir tónleika og útskrift.

Upplýsingatækni: Unnið með tengingu heimils og skóla.



Umbótaþáttur/Matsþáttur: Tónlist, myndlist, hreyfing og upplýsingatækni.

Tækifæri til umbóta: Að auka færni barna á hverju sviði fyrir sig.

Aðgerðir til umbóta: Markviss verkefni tengt hverju sviði.

Ábyrgð: Starfsmenn hvers sviðs fyrir sig bera ábyrgð á framkvæmd verkefnisins. Stjórnendur leiða vinnuna.

Tímaáætlun: September 2021 – maí 2022

Hvernig metið/aðferðir: Markvisst endurmetið á deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsdögum og starfsmannafundum.

Viðmið um árangur: Að öll börn leikskólans fá kennslu og örvun tengt ólíkum verkefnum sem tengjast þema hvers tímabils.

3 Innra mat leikskólans 2020-2021

Innra mat á starfi leikskólans var gert á reglulegum deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsdögum, starfsmannafundum og tekið saman í lok júní 2021.

Eftirfarandi þættir voru endurmetnir:

3.1 Félagsfærni

Unnið var að því að auka félagsfærni barna og styrkja þau í tjáningu sín á milli og byggja upp jákvæðan staðarbrag sem hefur áhrif á alla sem koma að starfinu.

Hvað var áætlað að gera: Á starfsdegi í október 2021 var kynning á Vináttuverkefni Barnaheilla: Blær. Þrjú starfsmenn Klambra tóku að sér að kynninguna til að gera sem flestum kleift að taka að sér kennslustundir. Vináttuverkefni var ætlað að vera aðal verkfæri starfsmanna þar sem það fjallar sérstaklega um umburðarlyndi, virðingu, umhyggju, og hugrekki.

Hvað var gert og hvernig gekk. Bangsinn Blær átti stórt hlutverk í vinnu okkar með vináttuverkefnið. Öll börn fengu sinn bangsa sem átti sér sérstakan stað inn á hverri deild. Vináttuverkefnið Blær var hannað fyrir tvo mismunandi aldurshópa; 0-3 ára og svo 3-6 ára. Öll gögn sem til þurfti til að vinna með Blæ er til á leikskólanum í þar til gerðri tösku sem er aðgengileg öllum deildum. Í töskunni er að finna ýmis kennslugögn og upplýsingar fyrir kennara um notkun þeirra.



Deildarstjórum var falið að útfæra fræðsluna eftir aldri og getu hvers barns. Deildarstjórunum gekk misvel að halda utan um þetta verkefni. Markviðið er að gera Blæ að skilvirkari kennslugagni á næsta skólaári.

Aðgerðir til umbóta: Vináttuverkefni Barnaheilla Blær verður áfram aðal verkfæri starfsmanna þar sem fjallað er sérstaklega um umburðarlyndi, virðingu, umhyggju, og hugrekki sem við teljum vera mikilvæga stólpa í félagslegum samskiptum. Eftir nokkra leit og vangaveltur fannst ákveðin laust á nýjum viðverustað bangsanna sem einn ungur og efnilegur starfsmaður hannaði þar sem bæði nafn og mynd af barninu var sett under viðverustað bangsanna.

Næsta skólaár verða 6 starfsmenn á Klömbrum sem hafa fengið fræðslu um hvernig nota á vináttuverkefnið Blæ sem kennslugagn. Kennslugögn eru aðgengileg öllu starfsfólki þar sem er að finna leiðbeiningar fyrir leiðbeinendur

Haldin verður kynning fyrir foreldra að hausti til að fá foreldra meira inn í verkefnið því verkefnið er hannað fyrir börn, kennara og heimilið. Til að styrkja samtalið enn betur verða fundnar upp leiðir til að tengja Blæ við heimilið til dæmis með því að senda stóra Blæ bangsann heim yfir helgi og fá að heyra í hvaða ævintýrum hann lenti í.

Tímaáætlun: Verkefnið mun standa yfir allt starfsárið.

Ábyrgðaraðili: Allir starfsmenn munu bera ábyrgð á að bæta sína starfshætti með tilliti til verkefnisins. Stjórnendateymi og verkefnastjóri verkefnisins mun þá sjá um að verkefnið fái brautargengi og haldi áfram í starfinu og að allir starfsmenn fái kynningu á því hvernig skuli vinna með Blæ, og sjá um fræðslu og bókun á námskeið.

Endurmat mun fara fram á deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsmannafundum og starfsdögum.

3.2 Læsi

Unnið var að því að efla hlustun og einbeitingu, tjáningu og skilning.

Hvað var áætlað að gera: Starfsfólk ætlaði að vinna þematengt verkefni með börnunum þar sem unnið væri með sömu söguna í langan tíma í einu.

Hvað var gert og hvernig gekk: Ákveðið var að vinna með söguna Búkollu en til stóð að lesa hana og vinna verkefni tengt sögunni. Lagið Búkolla með Ladda var spilað. Rætt var við börnin um Búkollu og kýr og hvaðan kúamjólkin kemur og sú tenging gerð inn í matsalinn. Elstu börnin unnu þetta verkefni vel og endursögðu söguna á myndbandi þar sem framsaga sjálfsefling og sköpun var gerð góð skil. Á yngri deildunum var minna unnið með þetta verkefni. Sagan höfðaði ekki eins til þeirra en einnig vegna ólíkra aðstæðna hverrar deildar



fyrir sig sem settu aðra þætti leikskólastarfsins í frekari forgang. Þar má nefna fjölda tvítengdra barna sem þurftu ríka og skilvirka málörvun, aðlögunar nýrra barna að ógleymdum heimsfaraldrinum Covid-19 sem var ákveðin hindrun.

Markmið með umbótum var að efla hlustun og einbeitingu, tjáningu og skilning.

Aðgerðir til umbóta: Starfsfólk mun nýta sér þá reynslu sem ávannst þennan vetur og sníða hliðstætt verkefni betur að aldri barnanna og velja viðfangsefnið eftir þroska barnanna..

Tímaáætlun: Verkefnið stóð yfir frá áramótum til vors 2021.

Ábyrgðaraðili: Allir starfsmenn báru ábyrgð á að bæta sína starfshætti með tilliti til verkefnisins.

Endurmat fór fara fram á deildarfundum, deildarstjórafundum, starfsmannafundum og starfsdögum. Í lok verkefnisins endursögðu börnin söguna í sínum orðum og sem einnig var notað til endurmats.

Viðmið um árangur var að börnin fengu áhuga á að vinna með sögur, sýni hæfni í að hlusta og nota orðaforða sem unnið væri með í hvert skipti einnig að leikur þeirra endurspegli þessa vinnu.

3.3 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samvinna við Háteigsskóla

Leikskólinn er í samvinnu við Háteigsskóla um skólaheimsóknir. Alla jafnan fara börnin tvisvar fyrir jóla og tvisvar eftir jóla í skólaheimsóknir. Auk þess sem nemendur úr 1. bekk koma í heimsókn að hausti og að vori. Þetta skólaárið var einungis farið einu sinn að vori vegna sóttvarnaaðgerða yfirvalda. Skólabyggingar voru almennt lokaðar óviðkomandi aðgangi auk þess sem ekki máti fara á milli sóttvarnahólfa. Að faraldri loknum er stefna leikskólans að taka upp þráðinn og taka upp skólaheimsóknir að nýju að hausti

Samvinna milli leikskóla

Elstu börnin í leikskólanum taka þátt í samstarfi við Stakkaborg og Nóaborg með samvinnuverkefninu Skilaboðaskjóðan. Þetta er samvinnuverkefni sem hefur verið starfandi síðustu árin með mjög góðum árangri, áhuga og gleði barna og starfsfólks. Vegna annmarka í þjóðfélaginu þá var ekki hægt að halda þessu verkefni gangandi í vetur en verkefni verður tekið strax upp næsta haust.



4 Innra mat deilda:

4.1 Hlíð ungbarnadeild 1-2 ára börn - Endurmat á vetrarstarfinu 2020-2021

Aðlaganir: Á yngstu deild hefur verið mikið um aðlaganir í allan vetur þannig mikið af breytingum fyrir börnin og starfsfólk. Einnig spilaði Covid stóran þátt í að starfið á deildinni náði ekki á það flug sem það á að vera.

Blær: Vegna Covid þá voru Blæ bangsarnir settir í geymslu ásamt slatta af öðru dóti. Þannig þá var ekki í boði að vinna með þá eins og hafði verið gert áður en á deildinni hefur verið brennandi áhuga á Blæ og var oft verið með Blæ og nuddstundir áður. Svo erum við með nýjan aldur af börnum og við erum að finna út hvernig hentar að vinna með Blæ fyrir þann aldurshóp. Nú er verið að sauma mjög flott veggteppi með vösum sem verður heimili litlu Blæ bangsana sem börnin eiga og geta þau því náð í bangsann sinn hvenær sem er. Þegar þetta er tilbúið þá verður farið í Blæ vinnuna eins og hentar börnunum. Það er mjög mikilvægt að Blær sé sýnilegur í starfinu.

Búkolla: Við vorum ekki farin að vinna markvist með Búkollu að öðru leiti en því að við hlustuðum á tónlistina úr leikritinu við og við.

Tónlistarkennsla: Einu sinni í viku kemur Alessandro tónlistarkennari inn á deild með tónlistarstund. Það hefur vakið mikla lukku hjá börnum og starfsfólki deildarinnar og verið fjölbreytt og skemmtilegt.

Matstofa: Matstofan gengur vel hjá yngstu börnunum.

Nýtt útisvæði: Nú er komið nýtt útisvæði sem er ætlað yngstu börnunum en það er og verður mikið notað.

Deildarstjóri Hlíðar

4.2 Holt 2-3 ára börn - Endurmat á vetrarstarfinu 2020-2021

Klambra-andinn

Í starfsáætlun er fjallað um Klambra-andann sem einkennist af starfsgleði, jákvæðni, gagnrýninni og skapandi hugsun, öryggi og trausti. Á Holti hefur starfsandinn einkennst mikið af jákvæðni, öryggi, trausti og gagnrýninni hugsun. Starfsgleðin og skapandi hugsunin hafa einnig verið mikið til staðar en oft hafa þær dvínað sökum álags og streitu. Að mínu mati hefur jákvæðnin verið til staðar hjá flestum starfsmönnum leikskólans almennt í vetur en neikvæðni nokkurra þó oft meira áberandi og háværi og jafnvel haft neikvæð áhrif á jákvæðni annarra.



Búkolla: Sagan um Búkollu var lesin ótal sinnum í vetur á Holti og búnar til myndir af sögupersónunum og öðru mikilvægu í sögunni sem voru oft notaðar samhliða lestrinum. Einnig hlustuðum við oft á söguna um Búkollu á Spotify. Það varð ekkert mikið úr Búkollu þemanu meira en það og gæti ástæðan verið sú að margt annað var talið mun mikilvægara og þarfara að sinna, t.d. samskiptafærni og tilfinningaþroski. Það getur líka hafa spilað inn í að fáir starfsmenn deildarinnar treystu sér til þess að segja/lesa söguna sökum tungumálaörðugleika. Persónulega held ég þó að áhuginn hafi ekki verið nægilega mikill á þessu verkefni til að byrja með og flestir starfsmenn áhugasamari um aðra þætti í vinnu með börnunum. Í starfsáætlun er fjallað um að tengja Búkollu verkefnið við læsi en að mínu mati fólst ekki mikið læsi í því hvernig við unnum með Búkollu.

Blær: Blær var ekki í markvissri notkun á Holti í vetur en Blæ-plaköt héngu á veggjum og skapaði það oft umræður. Börnin tengdust ekki Blæ böngsunum sínum og er það líklega vegna þess að bangsarnir áttu sér ekki heimili á deildinni þar sem þeir voru sýnilegir og því voru þeir geymdir inni í skáp og ekki aðgengilegir fyrir börnin. Við hlustuðum mikið á tónlistina sem fylgir vináttuverkefninu og börnin höfðu gaman af því. Hugtökin sem vináttuverkefnið kennir; virðing, umhyggja, hugrekki og umburðarlyndi, voru þó í hávegum höfð á deildinni í vetur þrátt fyrir að það hafi ekki verið beint í gegnum vináttuverkefnið sjálft.

Tónlistarstundir: Alessandro var með tónlistarstundir mjög reglulega í vetur og gekk það yfirleitt mjög vel og börnin höfðu mjög gaman af. Alessandro leyfði börnunum að hlusta á og upplifa ólíkar tegundir af tónlist og vann allskonar verkefni í tengslum við það, t.d. að spila hraða tónlist og leyfa börnunum að teikna á meðan og spila svo rólega tónlist og leyfa börnunum að teikna á meðan og sjá svo muninn á teikningunum. Börnin höfðu líka mjög gaman af því að fara í leikinn þar sem þau giska á hvaða hljóð kemur frá hvaða dýri.

Læsi: Mikið var unnið með læsi á Holti í vetur í gegnum söng, sögur, tónlistarstundir með Alessandro og í gegnum vináttuverkefni Barnaheilla. Með því að skoða plaköt vináttuverkefnisins fengu börnin að spreyta sig á því að lesa í hvaða aðstæður börnin á myndunum voru í og að lesa í svipbrigði barnanna á myndunum. Samverustundirnar á morgnanna hafa einnig eflt læsi barnanna og þar höfum við sungið helling af lögum, bæði flóknum og einföldum og má þar t.d. nefna lagið um dýragarðinn þar sem við unnum með hljóðkerfisvitund með því að læra hvaða hljóð fyrstu stafir dýranna segja.



Matstofa: Matstofumeningin gekk almennt vel í vetur. Börnin fengu frelsi til þess að velja hvað þau fengu á diskinn sem eflir þau í að hlusta á eigin líkama og að æfa sig í sjálfstæði. Börnin voru einnig hvött til þess að smakka það sem þeim þótti framandi en voru alls ekki þvinguð til þess að borða það sem þau vildu ekki. Að mínu mati var mjög jákvætt að ekki var krafa um það að börnin kláruðu matinn af disknum sínum þar sem það getur truflað þá tengingu og tilfinningu sem börn hafa við sitt eigið magamál. Það hafa komið tímabil þar sem hefur myndast mikil óreiða í matstofunni og þá yfirleitt of mörg börn í einu að borða eða ekki nægilega gott eftirlit og stuðningur sem börnin fá svo þeim geti gengið vel í þessum aðstæðum. Almennt gekk matstofan þó vel þrátt fyrir Covid og allskonar takmarkanir sem því fylgdu.

Almennt um starfið í vetur á Klömbrum: Starfið í vetur var mjög gott að mörgu leyti en margt sem hefði mátt fara betur. Að mínu mati þarf að leggja mun meiri áherslu á að fólk fái almennilega fræðslu þegar það byrjar að vinna með börnum, í leikskóla eða annarsstaðar. Ég tel mjög mikilvægt og í raun nauðsynlegt að hafa reglulega einhverskonar fræðslu fyrir starfsmenn sem er byggð á nýjustu þekkingu á heilaproska barna og hvernig t.d. tilfinningagreind þroskast. Að mínu mati dró það mikið úr gæðum leikskólastarfsins á Klömbrum í vetur hversu margir starfsmenn voru illa upplýstir um hverjar þeirra skyldur væri í raun og veru sem starfsmenn leikskóla, samkvæmt t.d. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Aðalnámskrá leikskóla og lögum um leikskóla. Þá má einnig benda á hversu litla fræðslu starfsmenn hafa yfir höfuð fengið á því hvernig hægt er að stuðla að heilbrigðum þroska barna og hvernig best er að mæta börnum sem sýna krefjandi hegðun. Mikið þekkingarleysi á tilfinningaþroska barna dró, að mínu mati, einnig mikið úr gæðum leikskólastarfsins. Að mínu mati þurfa allir starfsmenn leikskóla að vera meðvitaðir um það hversu mikið ábyrgðarhlutverk það er að vera svona stór þátttakandi í lífi barnanna í leikskólanum og hversu mikil áhrif þeir geta haft á líðan og velferð barnanna, jákvæð sem og neikvæð.

Deildarstjóri á Holti



4.3 Tún 3-4 ára börn - Endurmat á vetrarstarfinu 2020-2021

Klambra andinn: Eins og fram kemur í starfsáætlun þá er vitnað í Klambra andann sem byggist á starfsgleði og jákvæðni, gagnrýninni og skapandi hugsun, öryggi og trausti.

Þetta eru þeir þættir sem lagt var upp með að vinna markvisst eftir í starfsáætluninni. Að mörgu leiti þá hefur gengið ágætlega að vinna eftir þessum gildum. Að mínu mati þá hefur starfsgleði og jákvæðni innan starfsmannahópsins aukist svo um munar. Starfsmenn eiga í samræðum um hvernig þeir geti leyst þau vandamál sem upp koma, það á sér stað meiri samræða auk þess sem hópurinn er farin að mynda meiri heild en hann gerði.

Þó verð ég að viðurkenna að hópurinn heldur mikið í eigin gildi og virðist viðkvæmur fyrir gagnrýni. Mikilvægt væri að fara af stað í vinnu þar sem starfsmannahópurinn gæti unnið að sameiginlegum gildum og mótað sér sameiginlega sýn til að vinna eftir. Legg ég til að farið verði í slíka vinnu til að valdefla starfsmannahópinn og auka traust til þess sem við erum að gera í sameiningu.

Blær: Varðandi Blæ verkefnið þá virðist vinna með Blæ vera að mörgu leiti svolítið ósýnileg. Blæ stundirnar hafa ekki verið eins markvissar og vonast var eftir. Þó má greina það að verið er að vinna með þau gildi sem Blær stendur fyrir á öllum deildum. Það má sjá í gegnum allt starfið þar sem verið er að vinna með vináttuna, virðingu, umhyggju og hugrekki, bæði meðal starfsfólks og barna. Spurning hvort þurfi að merkja svona vinnu einhverju ákveðnu átaksverkefni. Er ekki bara nóg að það komi fram í starfsáætlun að verið sé að vinna með félags þroska barna í gegnum allt daglegt starf eins og gert er með málörvun?

Búkolla: Af hverju Búkolla varð fyrir valinu sem þemaverkefni er góð spurning. Starfsfólk virðist vera mjög jákvætt fyrir verkefninu en einhverra hluta vegna þá virðist þessi þemavinna aldrei fara almennilega í gang. Það vakna upp ákveðnar spurningar varðandi það af hverju verkefnið hefur ekki farið af stað.

- Sú fyrsta er sú hvort verkefnið er eitthvað sem starfsmenn finnast þeir ekki eiga hlut í og þar af leiðandi ákveða þeir að hunsu verkefnið?
- Hugsanlega gæti aðlögun á barnahópnum sem enn er í gangi nú í febrúar haft þær afleiðingar að enn er verið að vinna í því að koma ró á eldri deildar, auk þess sem samsetning barnahópsins er mjög krefjandi þar sem mörg börn hafa íslensku sem annað eða þriðja tungumál.



- Getur verið að önnur verkefni séu mikilvægari eins og að hlúa að öryggi og félagsþroska barnanna og því hefur ekki gefist tími í þetta þema verkefni?

Það sem hefur gengið vel

Það er ýmislegt jákvætt sem vert er að minnast á. Fyrst má nefna þá gleði sem á sér stað innan leikskólans.

Vinafundir: Að mæta saman á föstudögum og syngja saman hefur gefið skólanum ákveðna heild þar sem allir eru samankomnir til að eiga góða stund. Þetta hefur gefist vel í vetur og er mælt með því að halda þessum lið gangandi og reyna að teygja aðeins úr þessari jákvæðu stund sem við eigum saman á föstudögum.

Tónlistin: Á haustdögum 2020 var ráðinn í tímavinnu tónlistakennari sem hefur verið með markvisst starf inni á öllum deildum í hverri viku. Börn og starfsmenn hafa fengið tækifæri á því að kynna ýmsum hljóðfærum og mismunandi nálgun í tónlistaruppeldi. Þetta hefur gefið starfinu aukna breidd auk þess að gefa börnum og fullorðnum ný námstækifæri.

Matstofan: Það hefur gengið mjög vel að reyna að finna lausnir í tímum heimsfaraldurs án þess að þurfa að fara aftur í það að borða inni á deildum. Aðeins þegar faraldurinn var í toppi í haust borðuðum við inni á deildum. Að öðru leyti hefur gengið vel að halda skipulagi í matstofu. Vinna við að auka gleðina með tónlist í matstofunni hefur gefist vel. Þá hefur myndast ákveðin stemning sem ýtir undir afslöppun.

Flæði: Verið er að vinna með það að hafa flæði reglulegt tvisvar í viku á eldri deildum, auk þess sem yngri deildum hefur verið boðið að taka þátt. Þessi vinna hefur gefist vel og bíður upp á aukin námstækifæri fyrir börnin þar sem þau fara út úr sínu nærumhverfi yfir á næstu deildir auk þess sem börnin geta valið hvað þau vilja skoða. Í flæðinu er aðeins helmingur barnanna inni, þar sem hinn helmingurinn er í útiveru.

Skipting barnahópsins: Í vetur höfum við á eldri deildum verið að vinna markvisst með það að skipta niður barnahópnum til helminga. Markmiðið með þeirri vinnu er að gefa börnunum meira rími til að leika sér og til tjáskipta. Þannig er alltaf annar helmingur hópsins úti fyrir hádegi og hinn helmingurinn eftir hádegi. Bæði börn og starfsfólk virðast styðja þetta skipulag þar sem meiri friður og ró fylgir því að vera aðeins með helminginn af börnunum inni í einu.

Deildarstjóri á Túni



4.4 Teigur 4-6 ára nemendur - Endurmat á vetrarstarfinu 2020-2021

Klambrar andinn: Klambra andinn á Klömbrum byggist á gleði, jákvæðni, virðingu, skapandi hugsun og ekki síst öryggi og trausti. Á Teigi höfum við reynt að halda andanum uppi með því að leggja áherslu á að séum öll vinir, berum virðingu fyrir hvort öðru og hlæjum í návist barnanna. Þá sjá börnin að við erum vinir og berum virðingu fyrir hvort öðru annars. Sem við mættum gera meira af í daglegu lífi. Skólarið 2020-2021 var litað af Covid-19 og hver og ein deild var að reyna að gera sitt besta úr takmörkunum og hindrunum. Við þurftum að hugsa í lausnum, frekar en í vandamálum. Það væri gott að hafa oftár hópefli til þess að efla starfsandann til þess að allir beri virðingu til hvers og eins. Eins og stendur í leikritinu að öll dýrin í skóginum eiga vera vinir.

Blær: Blæ bangsarnir hafa þurft að fara í geymslu af og til þetta skóla ár vegna Covid-19 en inn á milli þess höfum við geta tekið Blæ stundir. Við höfum notið þess forréttinda að Blær sé hér í leikskólanum. Við höfum farið í Blæ stundir tvisvar í viku þegar Blær hefur mátt koma. Við höfum farið í vinanudd og nuddum Blæ og þá er lesin saga um ferðalagið sem Blær fer í. Börnin sækjast í að fá að hafa Blæ þegar þau fara í hvíld. Við notum Blæ þegar kemur upp einhvers konar árekstur milli barna og um mismunandi mál sem eru í gangi hverju sinni og ekki síst til að efla vináttuna hjá börnunum.

Búkolla: Búkolla varð fyrir valinu sem þemaverkefni leikskólans. Sagan var valin vegna þess að hún er stutt og mikið af endurtekningum í sögunni. Við á Teigi byrjuðum á sögunni í janúar og byrjuðum við á því að lesa söguna eða hlusta á hana gengum Spotify. Svo fóru börnin að teikna og lita sína Búkollu með sínum augu. Með vorinu fórum við að nota töflusöguna af Búkollu og enduðum skólaárið að elstu börnin gerðu stutt myndband af Búkollu og hvernig þau túlkuðu hana með sínu nefi. Þetta verkefni heppnast bara vel að mínu mati. Þetta var okkar fyrsta tilraun. Eitt í lokin væri að allir starfsmenn myndi spyrja sjálfan sig um þetta verkefni.

- ✚ Hvort þau mundi vilja gera svona aftur?
- ✚ Og þau sem vildu ekki taka þátt í verkefninu. Af hverju ?



Vinafundur: Alla föstudaga þá er vinafundur og allar deildir koma saman í matsal og eiga yndislega stund. Hver og ein deild er með söng atriði og við hin hlustum eða erum með.

Tónlist: Síðasta haust þá var ráðinn inn tónlistakennari hér á Klömbrum. Tvisvar í viku hefur Alessandro komið inn á deild og tekið hópá og kennt þeim ýmis konar tónlistartákn og hljóðfæri. Alessandro hefur hjálpað börnum og starfsfólki að nálgast tónlistina á mismunandi hátt. Teigur stofnaði kór í vor, við héldum tónleika og foreldrum var boðið að horfa á. Þetta verkefni heppnaðist mjög vel.

Matstofan: Við höfum þurft að finna lausnir í sambandi við matstofuna vegna Covid-19. En annars hefur skipulag gengið alveg ótrúlega vel. Allir hafa lagt sitt á mörkum.

Flæði: Við höfum verið í samstarfi við Tún í sambandi við flæði tvisvar í viku. Þá er deildinni skipt í tvo hópá, helmingurinn fer út og hinn helmingurinn er inni. Þessi vinna hefur heppnast vel, hún bíður uppá góð námstækifæri fyrir börn. Börnin fara úr sínu umhverfi og geta farið á aðra deild og skoðað sig um og fundið verkefni sem hentar þeim. Markmið þess er að börnin séu að kynna öðrum börnum og ekki síst fá meira rími til að leika sér og tjá sig.

Teigur: Í vetur hefur verið hópastarf tvisvar í viku. Fyrir utan allt hitt sem við erum búin að gera.

Deildarstjóri á Teigi

5 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl voru að hausti þar sem starfsmaður ræddi um líðan sína inn á sinni deild og væntingum hans til sjálfs síns og umhverfisins. Þá var einnig rætt um starfsandann og samstarf innan leikskólans sem var markvisst verið að vinna með og bæta. Á vorönn var annað samtal þar sem rætt var um starfið, hvernig hefur gengið og hvað má betur fara og einnig var rætt um líðan, árangur og markmiðasetningu á komandi vetri. Starfsmenn fengu undirbúningsblað áður en þeir fóru í samtal við leikskólastjóra. Samskiptamál innan Klambra voru í brennidepli og aðgerðaráætlun gerð til að vinna markvisst með uppbyggingu samskipta starfsmanna. Einnig var lögð áhersla á að vinna með bætt samskipti starfsmanna Klambra. Þó að okkur sárvanti leikskólakennara þá er fagleg þekking hér á Klömbrum fjölbreytt eins og sést á heimasíða Klambra (<https://www.klambrar.is/>). Mannauður okkar er mikill þar sem styrkleikar hvers og eins er nýttur eins vel og kostur er. Ýmis námskeið og fyrirlestrar voru sóttir til að auka fagþekkingu og fagvitund starfsmanna Klambra.



- Ingibjörg Kristleifsdóttir fyrsti leikskólastjóri Klambra fræddi okkur um sögu og uppeldisstefnu sem Klambrar byggðu á frá upphafi. Nokkrir starfsmenn hafa sótt námskeið á nýliðnum vetri sem tengist m.a. sérkennslu og vinaverkefningu Blæ.
- Fjóla Þorvaldsdóttir kom og kynnti fyrir okkur Upplýsingartækni með ungum börnum.
- Saga Stephensen og Þóra Sæunn Úlfisdóttir héldu námskeið á vegum Miðju Máls og Læsis um almenna málörvun og þá ekki síst í tengslum við tvítengdu börnin okkar.
- Unnið var markvisst með einelti innan skólans bæði með börnum og starfsmönnum.
 - Myndband sem Vanda Sigurgeirsdóttir setti saman með leiðbeiningum um hvernig hægt er að vinna forvarnarstarf með einelti með ungum börnum (<https://vimeo.com/475110270>) var skoðað og haft til hliðsjónar í vinnu með eldri barnahópnum.
 - Auður Jónsdóttur mannauðsráðgjafi skóla- og frístundarsviðs hélt fyrirlestur um einelti á vinnustöðum og afleiðingar þess.
- Bjartur Guðmundsson kom og hélt 5 tíma námskeið sem fólst í því að kenna okkur að komast í topp tilfinningalegt ástand. Magnaður dagur sem hélt áfram 5 næstu daga á eftir þar sem hann setti okkur fyrir ákveðin verkefni sem okkur bauðst að vinna eftir. Afar skilvirkt og gagnlegt námskeið sem skilaði sér rakleitt inn í starfsmannahópinn.
- Guðný Reynisdóttir, mannauðsráðgjafi og Kristín Hildur Ólafsdóttir, verkefnastjóri Reykjavíkurborgar, héldu nokkra fundi með deildarstjórum Klambra þar sem farið var yfir faglegt starf innan deilda og samskiptamál rædd.
- Hanna Halldóra Leifsdóttir, verkefnastjóri Fagskrifstofu Reykjavíkurborgar, kynnti starfsmannahluta umhyggjustefnuna Uppeldi til ábyrgðar.
- Á vormánuðum bauð Barnaheill upp á námskeið á Vináttuverkefningu Blær sem er forvarnarverkefni gegn einelti sem 3 starfsmenn sóttu.

6 Fjölotyngd börn skólaárið 2020-2021

Á Hlíð, sem er yngsta deild leikskólans voru 3 börn með íslensku sem annað tungumál. Börn á deildinni eru fædd 2019 og 2020. Tungumálin sem um ræðir eru spænska, arabíska og makedóníska.

Á Holti voru 3 börn með íslensku sem annað móðurmál. Börnin á deildinni eru fædd 2018 og 2019. Tungumálin sem um ræðir eru arabíska og litháíska.



Á Túni voru 10 börn með íslensku sem annað móðurmál. Börnin á deildinni eru fædd 2017-2018. Tungumálin sem um ræðir eru arabíska, gríska, spænska, pólska, litháíska og kúrdíska.

Á Teig voru 11 börn með íslensku sem annað móðurmál. Börnin á deildinni eru fædd 2015-2017. Tungumálin sem um ræði eru arabíska, danska, spænska, færeyska, filippseysk mál, sómalska, pólska og lettneska

Það er því mjög fjölbjóðlegt samfélag barnanna á Klömbrum.

Við höfum þetta skólaárið verið að vinna markvisst með málörvun í litlum hópum, þar sem verið er að leggja inn orð og nýta upplýsingatækni.

Það sem við höfum nýtt okkur í vetur:

- Gefðu 10
- Lestur
- Söngur og þulur
- Setja orð á athöfn
- Spil
- Litla hópa

7 Foreldrasamvinna

Heimsfaraldur Covid-19 hefur haft mikil áhrif á skólaárið 2020-2021. Vegna annmarka þá hefur skólinn verið lokaður aðgengi foreldra í næstum allan vetur. Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn á haustdögum og mætti einungis eitt foreldri á fundinn sem var fjarfundur. Engir viðburðir hafa verið á dagskrá vegna annmarkana. Foreldrasamtöl voru þó höfð bæði að hausti og að vori. Öll samtöl að hausti fóru í gegnum fjarfundarbúnað eða í gegnum síma. Nokkur samtöl að vori voru haldin í leikskólanum þó svo flest hafi verið tekin í gegnum tölvuna. Mikið hefur þurft að nýta aðstoð Alþjóðaseturs vegna túlkapjónustu en stór hluti af foreldrahópnum kemur erlendis frá og hefur litla sem enga þekkingu á íslensku tungumáli.

Í ljósi þess hve lítið við höfum getað verið í samvinnu við foreldra á þessu skólaári þá er ætlunin að venda seglum í kross og reyna að fá foreldra inn í skólann í hverjum mánuði næsta skólaár. Það sem við höfum hugsað okkur að vera með er:

- Foreldrafundi



- Foreldrakaffi
- Ömmu og afa kaffi
- Tónleikar
- Jólakaffi
- Myndlistasýningu að vori í tengslum við vorhátíðina

8 Mat á sérkennslu skólaárið 2020-2021

Frá áramótum hefur starfandi sérkennslustjóri verið í leyfi frá störfum. Í fjarveru sérkennslustjóra hefur aðstoðarleikskólastjóri setið fundi auk þess sem stuðningsaðilar hafa borið saman bækur sínar og myndað teymi með deildastjórum til að mæta þörfum þeirra barna sem eiga rétt á auka stuðning. Í byrjun skólaárs lá fyrir að það væru fleiri börn sem þyrftu aukinn stuðning inn á deild. En staðan sem blasti við var á þann hátt að tvö börn á elstu deild voru með stuðning, eitt með 6 tíma sem var á flutning og hefur flust yfir í annan skóla og annað með 4 tíma. Það hefur því aukist í hóp barna sem þurfa stuðning og liggur fyrir að aukist enn á þennan lista, þar sem það eru börn í skólanum sem eru nú í athugun.

Eins sjá má þá bættist í listann og er staðan þessi í lok skólaárs.

Þess má geta að börn frá Hlíð og Holti eru ekki inni á þessum lista þar sem þau eru enn stödd í athugunum.

Teigur	tímar
x	4
x	4
Tún	tímar
x	6
x	4
x	4

Mikil þörf hefur verið fyrir sérkennslu þar sem innan barnahópsins eru mörg börn með annað tungumál en íslensku sem móðurmál, auk þess sem mörg þessara barna eru nýbúar á Íslandi.



Þau börn sem eru með úthlutaða tíma þurfa mikla aðstoð bæði innan og utan deilda. Það er mat stuðningsaðila að heppilegra hefði verið að vera með fleiri úthlutaða tíma þar sem þau börn sem eiga rétt á tímum, hefðu þurft meiri aðstoð en þeim hefur verið úthlutað.

9 Ytra mat

9.1 Niðurstöður þjónustukönnunar

Þjónustukönnun var lögð fyrir foreldra á vegum skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Sambærileg könnun er lögð fyrir á hverju ári til að hafa samanburð milli ára og til að skoða hvað megi betur fara í þjónustunni. Könnunin var rafræn og fór fram í mars og apríl 2021. Sent var til 49 foreldra barna á Klömbrum og svöruðu 42 foreldrar könnunni svo svarhlutfallið var 85,7%. Niðurstöður svara eru því marktækar.

Einkunn fyrir hvern lið er gefin á bilinu 1-5 og er hærri einkunnin jákvæðari niðurstaða. Niðurstöður eru bornar saman við niðurstöður síðasta árs.

Heildaránægja með leikskóla

4,45^{3,68}
Fyrri könnun heild

Þegar heildaránægja foreldra er skoðuð samkvæmt svörum þá má sjá mælanlega aukningu en foreldrar gáfu 4,45 stig í heildaránægju miðað við 3,68 árið á undan og er því hækkun frá því á síðasta ári.

Vingjarnlegt andrúmsloft

4,49^{4,21}
Fyrri könnun heild

Einnig upplifðu foreldrar vingjarnlegt andrúmsloft í skólanum. En eins og sjá má þá hefur talan hækkað milli ára.


Tel barnið mitt vera öruggt

4,52^{4,21}
Fyrri könnun heild

Þegar kemur af upplifunum foreldra varðandi öryggi barna þeirra þá var upplifun foreldra jákvæð og var um 95% foreldra sem töldu börnin sín vera örugg í skólanum. Af þessum svörum er hægt að sjá mikið traust foreldra til skólans.


9.2 Námstækifæri barna

Foreldrar voru spurðir spurninga varðandi námstækifæri barna sinna í skólanum. Við spurningunni um tækifæri til að skapa verkefni frá grunni þá fékk skólinn góð meðmæli, en þess má geta að meðaltalan í Reykjavík fyrir þessa spurningu var 4,51. Á elstu deildinni var fullt hús eða 5 stig. Hér er hægt að sjá svör út frá aldri barna, hafa þér þó í huga að miðað er við tölurnar frá 1-5 og er því ekki merkjanlegur munur milli aldurshópa.




Varðandi líðan barna í leikskólanum þá virtist það einnig koma vel út úr könnunni, meðaltal fyrir Reykjavík var 4,63 í heildina. Það má því draga þá ályktun út frá könnunni að foreldrar

almennt telja að börnum sínum líði vel í leikskólanum.




Aðgangur að efnivið virðist einnig góður en meira en 80% foreldra svöruðu því að barn sitt hefði góðan aðgang að opnum efnivið til að nýta í leikskólanum.




Mikil áhersla hefur verið lögð á sjálfsefningu og sjálfstraust í starfinu í skólanum í vetur, af svörum foreldra þá virðist sú vinna hafa skilað sér þar sem meira en 80% foreldra upplifa þessar áherslur í starfinu í leikskólanum.






9.3 Upplifanir foreldra

Samvinna við foreldra er okkur mikilvæg. Viðhorf foreldra skipta máli til að hægt sé að efla starfið í leikskólanum. Í viðhorfskönnunni var spurt út í ýmis atriði sem koma að upplifun foreldra á starfinu. Það var t.d. meira en 80% foreldra sem upplifðu það að starfsfólk þekkti til þarfa barna þeirra og teljum við það hlutfall vera mjög gott.




Þegar kemur að aðbúnaði barna á Klömbum þá voru foreldrar almennt ánægðir og yfir 80% foreldra svöruðu um að aðbúnaður barna í leikskólanum væri góður.






Varðandi faglegt starf í leikskólanum og spurningum tengdum því þá virðist sem foreldrar séu almennt ánægðir með þau svör sem þeir fá. Þó er vert að taka til athugunar skert aðgengi foreldra að skólabyggingunni í vetur auk almennar grímunotkunar sem hefur ekki auðveldað samskiptin.




Þrátt fyrir þær áskoranir sem við höfum þurft að glíma við þá virðast foreldrar hafa mjög jákvæða upplifun af viðmóti starfsfólks og eiga í mjög góðum samskiptum við starfsfólk skólans.






Einnig upplifa foreldrar gott viðmót starfsfólks gagnvart börnunum í skólanum.




Foreldrar upplifa að börnin þeirra fái mikinn stuðning í starfinu í leikskólanum en um 90% foreldra gáfu fullt hús stiga fyrir þennan lið.






Heildaránægja mældist 4,45 sem er hækkun frá síðustu könnun. Það er mjög ánægjulegt að sjá hve hátt heildaránægja mældist í ljósi þeirra takmarkana sem hafa haft áhrif á starfsemina síðasta skólaár.



9.4 Það sem betur má fara


Eins og yfirleitt þá er ýmislegt sem má betur fara og hugsanlega sumt sem fallið hefur milli hluta hjá okkur í vetur. Eins og fram hefur komið þá hafa starfsaðstæður í leikskólanum verið frábrugðnar þetta skólaárið. Foreldrar hafa ekki haft aðgang að skólabyggingu né starfsfólki eins og oft áður, auk þess sem stjórnendur hafa verið minna sýnilegir gagnvart foreldrum.



Í umbótaráætlun er lagt til að auka aðgengi foreldra að skólanum og munum við stefna á að bjóða foreldrum á viðburð í skólanum næstum í hverjum mánuði á næsta skólaári.

Þess má þó geta að niðurstöður könnunarinnar eru almennt mjög góðar þar sem 2,5 er um 50% og flestar niðurstöðurnar sem við erum að skoða eru 75% og hærrí. Það var ekkert í könnuninni sem stóð út úr eða var ábótavant.

9.5 Viðhorfskönnun meðal starfsmanna



Almennt er viðhorfskönnun starfsmanna að koma vel út miðað við meðalskor í Reykjavík. Starfsumhverfi leikskólans á þessu skólaári 2020-2021 hefur verið mjög krefjandi í skugga heimsfaraldurs og almennrar smithættu.

Þar sem starfsmenn Klambra eru hærri en meðalskor í Reykjavík er í þáttum eins og jafnrétti og jafnræði, starfsöryggi, frumkvæði, starfsanda, fræðslu og þjálfun auk starfsánægju. Í heildina litið eru starfsmenn Klambra í eða yfir meðallagi.

10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal 2021-2022

Haldnir eru fjórir starfsdagar og þar af tveir sem eru sameiginlegir með Háteigsskóla. Auk þess eru fjórir starfsmannafundir þar sem unnið er að þeim verkefnum sem liggja fyrir.

20. ágúst - Starfsdagur Klambra

- Starfsmannafundur. Farið yfir starfsáætlun
- Innleiðing Uppeldis til ábyrgðar, gerður sáttmáli

22. september - Starfsmannafundur

- Starfsmannafundur. Deildarfundir. Farið yfir aðlögun og undirbúningur fyrir foreldraviðtöl

22. október - Starfsdagur Klambra

- Starfsmannafundur. Námskeið. Hópefli

25. nóvember - Starfsmannafundur

- Starfsmannafundur.
- Deildafundir.
- Undirbúningur fyrir starf í desember

3. janúar - Starfsdagur Klambra

- Starfsmannafundur. Deildarfundir. Farið yfir starfsáætlun

22. febrúar - Starfsmannafundur

- Starfsmannafundur. Deildarfundir. Undirbúningur fyrir dymbilviku

4. mars - Starfsdagur Klambra

- Starfsmannafundur. Deildarfundir. Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl

13. maí - Starfsmannafundur

- Starfsmannafundur. Deildarfundir.

3.júní - Starfsdagur Klambra

- Vinna við endurmat



11 Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunarinnar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



11.1 Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

11.2 Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



12 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs:

Fylgiskjal 2 – Þróunarverkefni Félagsfærni – Sjálfsefling

Fylgiskjal 3 – Skóladagatal Klambra

Foreldraráð:

Helga M Marzellíusardóttir

Sverrir Sigmundarson

Ólöf Dröfn Sigurbjörnsdóttir

F. h. leikskólans Klambra

Leikskólastjóri

Magnea Hafberg Sverrisdóttir

Dagsetning

2.07.2021





Umsögn foreldraráðs 2021

Foreldraráð hefur farið yfir starfsáætlun fyrir árið 2021-2022. Þegar farið er yfir starfsáætlun fyrir síðasta skólaár er ljóst að það var margt sem að gekk vel. Það er einnig ljóst að starfsfólk leikskólans lagði mikið á sig til þess að halda skólastarfinu í eðlilegu horfi að mestu leyti, svo börnunum liði vel í leikskólanum þrátt fyrir takmarkanir í samfélaginu vegna covid-19. Covid setti þó strik í reikningin á starfsemi síðasta skólaárs eins og í samfélaginu öllu. Það náðist til að mynda ekki að vinna með öll þau verkefni sem stóð til að vinna með á skólaárinu og einnig gætti áhrifa af samkomutakmörkunum á aðkomu og aðgengi foreldra og fjölskyldna að leikskólanum. Hinsvegar lagði leikskólinn sig fram um að viðhalda upplýsingaflæði til foreldra, meðal annars með því að hafa föstudagspósta um það sem fram fór í vikunni og einnig með því að hafa farsíma fyrir hverja deild, þar sem foreldrar hafa getað hringt og heyrt í starfsmönnum deilda.

Í nýrri starfsáætlun er ljóst að það eru mörg metnaðarfull verkefni sem stendur til að fara af stað með eða halda áfram með á komandi skólaári, sem að efla enn frekar starf leikskólans. Þar má meðal annars nefna uppeldi til ábyrgðar, áframhald á Blæ verkefninu, gæðamálörvun, uppbygging á samskiptum starfsmanna, hreyfistundir og markviss tónlistarkennsla. Einnig stendur til að efla samvinnu foreldra og fjölskyldu enn frekar í formi fleiri heimsóknna í leikskólann. Það er fagnaðarefni að foreldrar hafi meiri tengingu við leikskólann eftir takmarkanir síðasta skólaárs.

Eftir að hafa yfirfarið starfsáætlunina vöknudu upp nokkrar spurningar eða athugasemdir en þær eru:

1) Á hvaða formi stendur til að endurmeta verkefni sem á að vinna með á skólaárinu. Það kemur fram að eigi að meta á deildarfundum,

deildarstjórafundum, starfsdögum og starfsmannafundum, er það þá helst í formi umræðna? Hvernig eru niðurstöðurnar nýttar til áframhaldandi umbóta?

2) Sérkennsla: það kemur fram að það sé mat stuðningsfulltrúa að börn séu ekki að fá eins marga tíma í stuðning eins og talið er að þau þurfi. Það kemur hinsvegar ekki fram hvort standi til að bæta við tímum eða hvort unnið verið með færri tíma en talið er þörf á?

3) Á þessu skólaári eru sem stendur tveir fulltrúar í foreldraráði og því vantar einn nefndarmann í viðbót til þess að nefndin teljist fullskipuð.

Fylgiskjal1: engar athugasemdir.

Klambradagatal 2021-2022: engar athugasemdir

Þróunar verkefni 2020-2021

Leikskólinn Klambrar

Heiti verkefnis *

Óstöðvandi samskipti

Áskoranir og tenging við menntastefnu

Hvaða áskorunum er verið að bregðast við með þessu verkefni? Af hverju er verkefnið mikilvægt? *

Verið er að bregðast við áskorunum sem snúast að samskiptum. Jákvæð samskipti eru grunnur að öllu sem fram fer í leikskólanum.

Hvaða þætti menntastefnunnar verður fyrst og fremst unnið að í verkefninu? Veljið eitt af eftirfarandi: *

Að láta drauma barna rætast

Fagmennska og samstarf

Virkni barna og þátttaka

Sjálfsfelling

Félagsfærni

Læsi

Sköpun

n

Heilbrigði

Hvaða öðrum þáttum menntastefnunnar verður unnið að í verkefninu? (Merkið við einn eða fleiri þætti) *

Að láta drauma barna rætast

Fagmennska og samstarf

Virkni barna og þátttaka

Sjálfsfelling

Félagsfærni

Læsi

Sköpun

Heilbrigði

Markmið

Hver eru helstu markmið verkefnisins, hvernig endurspeгла þau þætti menntastefnunnar og hver er væntanlegur ávinningur fyrir börn í skóla- og frístundastarfi? *

Helstu markmið eru að efla starfsfólk og börn í félagslegum samskiptum. Með því að byggja upp félagshæfni þá eflum við hæfileika allra við að takast á við þær óvæntu aðstæður sem myndast í daglegu lífi. Á Klömbрум vinnur mjög fjölbreyttur starfsmannahópur auk þess sem barnahópurinn er fjölbreyttur. Því er það verðugt verkefni að koma saman og mynda samfélag.

Framkvæmd

Lýsing á framkvæmd verkefnisins og tímaáætlun. *

Við erum að leggja inn uppbyggingarstefnuna uppeldi til ábyrgðar. Í febrúar kom Hanna Halldóra Leifsdóttir og hélt fyrirlestur um uppbyggingarstefnuna. Þann 5. mars fengum við fyrirlestur um samskipti og hvernig við getum verið óstöðvandi sem einstaklingar. Í því fellst að taka ábyrgð á eigin lífi og skoða hvað vil ég og hvernig fer ég að því. Hugmyndin er að gera betur og taka ábyrgð á eigin líðan, svo við getum einnig borið ábyrgð á eigin samskiptum. Næsta skref verður að fá Hönnu Halldóru í heimsókn í apríl þar sem unnið verður með starfsmannahópnum og lagt inn uppeldi til ábyrgðar innan starfsmannahópsins. Við munum vinna með þessa uppbyggingarstefnu með starfsmannahópnum fyrst um sinn. Næsta skref verður svo að hefja nýtt skólaár eftir sumarfrí þar sem allir starfsmenn vinna eftir uppbyggingarstefnunni. Í október er svo sett stefnan á að meta hvernig gengur og hvað þurfi að bæta við.

Mat á verkefni

Hvernig verður árangur verkefnisins metinn? *

Bæði með því að meta verkefnið með starfsfannahópnum í umræðum auk þess sem við munum nýta okkur spurningalista til að skoða hvort starfsfólk upplýfi ávinning af verkefninu.

Kostnaðaráætlun

Sundur liðuð kostnaðaráætlun. Gróf áætlun um laun, efniskostnað, aðkeypta þjónustu o.fl. *

Það má búast við að það kosti um 100.000-200.000 þúsund að fá fyrirlesara. Auk yfirvinnu starfsfólks vegna útfærslu verkefnis.

Að lokum

Vinsamlegast skrifið mjög stutta lýsingu á verkefninu til birtingar á vef menntastefnunnar – hámark 3 setningar.

Með óstöðvandi samskiptum erum við að leggja áherslu á betri samskipti. Við munum leitast við að tileinka okkur uppbyggingarstefnuna uppeldi til ábyrgðar þar sem markmiðið er að taka ábyrg á eigin hegðun. Með aukinni ábyrgð á eigin hegðun leggjum við grunnin að betri samskiptum.

Aðrar upplýsingar

Anna Björk Marteinsdóttir Aðstoðarleikskólastjóri

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ									
1	S		1	M		1	F		1	M	Fullveldisdagurinn	1	L	Nýársdagur	1	Þ		1	Þ	Sprengidagur	1	F		1	S	Verkalyösdagurinn	1	M	
2	M	Friðdagur verslunarmanna	2	F		2	L		2	Þ		2	S		2	M		2	M	Óskudagur Ball	2	L		2	M		2	F	
3	Þ		3	F		3	S		3	M		3	M	Starfsdagur Klambra og Háteigsskóla	3	F		3	F		3	S		3	Þ		3	F	Starfsdagur Klambra og Háteigsskóla
4	M		4	L		4	M	Foreldravíðtöl nánar auglýst síðar	4	F		4	Þ		4	F	Dagur stærðfræðinnar	4	F	Starfsdagur Klambra og Háteigsskóla	4	M		4	M		4	L	
5	F	Opnað kl. 13:00 eftir sumari	5	S		5	Þ	Foreldravíðtöl nánar auglýst síðar	5	F		5	S		5	M		5	L		5	L		5	Þ		5	F	Hvítasunnudagur
6	F		6	M	Aðlögun	6	M	Foreldravíðtöl nánar auglýst síðar	6	L		6	M	Þrettándinn vasaljósadagur	6	S	Dagur leikskólans	6	S		6	M		6	F		6	M	Annar í Hvítasunnu
7	L		7	Þ		7	F	Foreldravíðtöl nánar auglýst síðar	7	S		7	Þ		7	F	Starfsdagur Klambra leikskólaráðstefna	7	M		7	F		7	L		7	Þ	
8	S		8	M	Dagur læsis	8	F	Foreldravíðtöl nánar auglýst síðar	8	M	Baráttudagur gegn einelti	8	M		8	L		8	Þ		8	Þ		8	F		8	S	
9	M	Aðlögun	9	F		9	L		9	Þ		9	F		9	S		9	M		9	M		9	L		9	M	
10	Þ		10	F		10	S		10	M		10	F		10	M		10	F		10	F		10	S	Þálmásunnudagur	10	Þ	
11	M		11	L		11	M		11	F		11	L		11	Þ		11	F		11	F		11	M		11	M	
12	F		12	S		12	Þ		12	F		12	S		12	M		12	L		12	L		12	Þ		12	F	Sjómennadagurinn
13	F		13	M		13	M		13	L		13	M		13	F		13	S		13	S		13	M		13	F	Starfsmannafundur 16:30-19:30
14	L		14	Þ		14	F		14	S		14	Þ		14	M		14	M		14	M		14	F	Skirdagur	14	L	
15	S		15	M		15	F		15	M		15	M		15	L		15	Þ		15	Þ		15	F	Föstudagurinn langi	15	S	
16	M		16	F	Dagur íslenskrar náttúru	16	L		16	Þ	Dagur íslenskrar tungu Foreldrakaffi Tónleikar	16	F		16	S		16	M		16	M		16	L		16	M	Foreldravíðtöl nánar auglýst síðar
17	Þ		17	F		17	S		17	M	Jólaskemmtanir Jólabball kl 10:00 Foreldrajólakaffi kl. 14:00	17	F		17	M		17	F		17	F		17	S	Þáskadagur	17	Þ	Foreldravíðtöl nánar auglýst síðar
18	M		18	L		18	M		18	F		18	Þ		18	F	Konudagur Foreldrakaffi	18	F		18	M	Annar í þáskum	18	M		18	M	Foreldravíðtöl nánar auglýst síðar
19	F		19	S		19	Þ		19	F		19	M		19	L		19	L		19	L		19	Þ		19	F	Foreldravíðtöl nánar auglýst síðar
20	F	Starfsdagur Klambra	20	M	Aðlögun	20	M		20	L	Dagur mannréttinda barna	20	M		20	F		20	S	Konudagur	20	S		20	M		20	F	Foreldravíðtöl nánar auglýst síðar
21	L		21	Þ		21	F		21	S		21	Þ	Bóndadagur Afa og ömmu kaffi	21	M		21	M	Foreldrafundur Teigur kl.	21	F	Sumardagurinn fyrsti	21	L		21	Þ	
22	S		22	M	Starfsmannafundur 16:30-19:30	22	F	Starfsdagur Klambra Vetrarleyfi Háteigsskóla	22	M		22	M		22	L		22	Þ	Starfsmannafundur 16:30-19:30	22	Þ	Foreldrafundur Tún kl.	22	F		22	S	
23	M	Aðlögun	23	F		23	L	Fyrsti vetrardagur	23	Þ		23	F	Þorláksmessa	23	S		23	M		23	M		23	L		23	M	
24	Þ	Foreldrafundur Teigur kl. 15:00	24	F		24	S		24	M		24	F	Aðfangadagur jóla	24	M		24	F		24	F	Foreldrafundur Holt	24	L		24	S	Foreldrafundur Hlíð kl.
25	M	Foreldrafundur Tún kl. 15:00	25	L		25	M		25	F	Starfsmannafundur 16:30-19:30	25	L	Jóladagur	25	Þ		25	F		25	F		25	M	Umhverfisdagur	25	M	
26	F	Foreldrafundur Holt 15:00	26	S	Evrópski tungumáladagurinn	26	Þ		26	F		26	S	Annar í jölum	26	M		26	L		26	L		26	Þ		26	F	Uppstigningardagur
27	F	Foreldrafundur Hlíð kl. 15:00	27	M		27	M		27	L		27	M		27	F		27	S		27	S		27	M		27	F	
28	L		28	Þ		28	F		28	S		28	Þ		28	F		28	M	Bolludagur	28	M		28	F		28	L	
29	S		29	M		29	F	Hrekkjavika	29	M		29	M		29	L		29	Þ		29	Þ		29	F		29	S	
30	M		30	F		30	L		30	Þ		30	F		30	S		30	M		30	M		30	L		30	M	
31	Þ					31	S					31	F	Gamlársdagur	31	M											31	Þ	